



# VERKLAGSREGLUR VEGNA GERÐAR VIÐAUKA VIÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN

## 1. Markmið.

Markmið með þessum reglum er að skýra ferlið við gerð viðauka hjá Akraneskaupstað. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum (nr. 138/2011) og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlun og ársreikninga sveitarfélaga (nr. 1212/2015) er fjárhagsáætlun bindandi fyrir yfirstandandi ár og óheimilt að víkja frá áætlun nema bæjarstjórn hafi samþykkt viðauka við fjárhagsáætlun.

## 2. Ábyrgð.

Forstöðumenn, sviðsstjórar og bæjarstjóri bera ábyrgð á því að fjárhagslyklar stofnana og deilda sem undir þá heyra, fari ekki fram úr fjárheimildum. Einnig bera þessir aðilar ábyrgð á að tillögur að viðauka séu gerðar, ef þarf á að halda, og lagðar fyrir viðkomandi fagráð. Tillögur forstöðumanna um gerð viðauka skulu sendar viðkomandi sviðsstjóra. Sviðsstjórar og forstöðumenn meta svigrúm innan deildar eða málaflokks. Sviðsstjórar leggja tillögu um viðauka fyrir viðkomandi fagráð.

Tillögum fagráða skal vísað til afgreiðslu bæjarráð og síðar bæjarstjórnar. Bæjarstjórn er ein til þess bær að samþykkja viðauka. Á meðan bæjarstjórn er í sumarleyfi hefur bæjarráð fullnaðarheimild til þess að samþykkja viðauka við fjárhagsáætlun ef slíkt tilefni kemur upp.

## 3. Framkvæmd.

Þegar teknar eru ákvarðanir um samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem ekki rúmast innan fjárheimildar gildandi fjárhagsáætlunar, ber að gera viðauka. Með öðrum orðum ber að gera viðauka vegna útgjalda sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, gjöldum, fjárfestingu eða skuldbindingum í gildandi fjárhagsáætlun.

Dæmi um nauðsyn þess að gera viðauka er ákvörðun um breytingu á stöðugildum starfsmanna, aukinn launakostnað, aukna fjárfestingu eða tilfærslu á milli bókhaldsliða/deilda í fjárhagsáætlun.

Viðauka við fjárhagsáætlun skal ekki gera til að leiðrétta í fjárhagsáætlun, útgjöld í rekstri eða fjárfestingar, sem þegar hefur verið stofnað til.

Ávallt skal leitast við að finna svigrúm innan viðkomandi deildar/málaflokks sem ráðstöfunin varðar áður en leitað er að svigrúmi annars staðar. Ekki er þörf á að gera viðauka til samþykktar í bæjarstjórn ef fjárhæð hans er undir 2 m.kr. eða svigrúm er innan viðkomandi deildar. Slíkar beiðnir skulu fara til samþykktar fyrir bæjarráð.

Bæjarstjóri hefur heimild til að afgreiða umsóknir frá stofnunum vegna tækjakaupa fyrir upphæðir sem nema allt að 500 þ.kr., samanber úthlutunarreglur úr miðlægum tækjakaupasjóði Akraneskaupstaðar dagsettar 22. desember 2015.

Ársfjórðungslega skal taka þær afgreiðslur saman í viðauka og leggja fyrir bæjarráð.





#### 4. Gerð viðauka.

Tillögu um viðauka við fjárhagsáætlun skal leggja fyrir viðkomandi fagrað sem vísar tillögu sinni síðan til bæjarráðs. Með tillögu um viðauka þarf að fylgja minnisblað/gögn um tillöguna, samning eða fjárhagslega ráðstöfun sem um ræðir eða lagt er til að verði farið í. Í gögnum þarf að koma skýrt fram hver breytingin er, hver fjárhagslegu áhrifin eru og hvernig lagt sé til að viðaukanum sé mætt. Þetta er á ábyrgð viðkomandi sviðsstjóra sem málið varðar. Með gögnum til bæjarráðs vegna viðauka þarf að fylgja umsókn, á sérstöku eyðublaði, þar sem gert er ítarlega grein fyrir eðli breytinganna. Leggi bæjarráð til að frumdrögum viðaukans verði breytt skal koma skýrt fram í hverju breytingin felst.

Þegar bæjarráð hefur samþykkt viðauka og vísað til bæjarstjórnar skal tilkynna fjármálastjóra og/eða starfsmönnum stjórnarsýslu- og fjármálasviðs um þá samþykkt. Stjórnarsýslu- og fjármálasvið útbýr sérstakt yfirlit um fjárhagslegar ráðstafanir og áhrif viðaukans á fjárhagsáætlun, hafi það ekki verið gert. Viðaukinn við fjárhagsáætlun ásamt fylgigögnum er lagður fyrir bæjarstjórn til samþykktar. Sé viðaukinn samþykktur skal hann bókaður og tilkynning þess efnis send fjármálastjóra. Sama á við ef viðauka er hafnað.

Eftir að viðauki hefur verið afgreiddur í bæjarstjórn sendir stjórnarsýslu- og fjármálasvið upplýsingar til viðkomandi sviðsstjóra og forstöðumanns um hvort tillögu um hann hafi verið samþykkt eða synjað.

Stjórnarsýslu- og fjármálasvið tekur saman eigi sjaldnar en ársfjórðungslega þá viðauka sem samþykktir hafa verið og stillir upp í heildarviðauka við fjárhagsáætlun sem sýnir þá breytingu sem viðaukarnir hafa haft. Heildarviðauki skal lagður fyrir bæjarráð til upplýsinga.

#### 5. Hagstofa

Viðauka við fjárhagsáætlun skal senda Hagstofunni innan 15 daga frá afgreiðslu. Fjármálastjóri ber ábyrgð á að það sé gert.

**Samþykkt í bæjarráði Akraness 16. maí 2019.**

**Samþykkt í bæjarstjórn Akraness 28. maí 2019.**

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,  
  
Sævar Freyr Þráinsson  
bæjarstjóri